

Úthlutunarreglur Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar 2026

1 Umsóknir

- 1.1 Stjórn Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar auglýsir eftir umsóknum frá háskólum, stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum einu sinni á ári hið minnsta. Frestur til að skila inn umsóknum skal ekki vera skemmri en 30 dagar.
- 1.2 Umsóknum skal skila í gegnum rafrænt umsóknarform sjóðsins á vefsíðu Landsvirkjunar.
- 1.3 Stjórnin gerir kröfu um að umsækjandi skýri möguleg umhverfisáhrif af rannsóknarverkefninu, ef við á, og leggi fram áætlun um mótvægisáðgerðir.
- 1.4 Stjórnin getur óskað eftir nánari upplýsingum frá umsækjendum en fram koma í umsókn.

2 Rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála

- 2.1 Styrkir eru veittir í **flokki B**, sem samkvæmt stofnskrá sjóðsins eru rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála.
- 2.2 Stjórninni er heimilt að skilyrða styrkveitingar við tiltekna áherslur sem styðja við tilgang og markmið sjóðsins. Í auglýsingu skal tilgreina áherslur viðkomandi árs, ef við á.
- 2.3 Styrkir eru veittir í tveimur flokkum til rannsóknarverkefna sem styðja við tilgang, markmið og áherslur sjóðsins og þykja líkleg til þess að auka þekkingu og stuðla að framförum í umhverfis- og orkumálum:
**Neistastyrkir: Minni styrkir, allt að 2 milljónum króna.*
**Kjarnastyrkir: Stærri styrkir, allt að 6 milljónum króna.*
- 2.4 Styrkhæfur kostnaður getur verið vegna; ferða í tengslum við gagnaöflun, tækjakaupa, tækjapróunar, búnaðar, launa, til dæmis til sérfræðinga, meistara- og doktorsnema, eða annars rökstudds kostnaðar sem hlýst af verkefninu.
- 2.5 Stjórn ákveður skiptingu úthlutunarfjár milli neistastyrkja og kjarnastyrkja þegar úthlutun er fram.
- 2.6 Við mat á umsóknum metur stjórnin hversu vel verkefni falli að tilgangi, markmiðum og áherslum sjóðsins og hversu líklegt verkefnið sé til að afla nýrrar þekkingar. Litið er til starfsferils umsækjanda, rannsóknarferils, samstarfsaðila umsækjanda og aðstöðu umsækjanda til að sinna verkefninu. Ef styrkuppþæð sem sótt er um felur í sér verulegan þátt til launa meistara- eða doktorsnema skal gera grein fyrir reynslu og hæfni leiðbeinanda og námsárangri nemanda, eftir því sem við á. Jafnframt er litið til trúverðugleika kostnaðaráætlunar verkefnisins og hvort verkefnið njóti styrkja annarra sjóða.



3 Trúnaður

- 3.1 Stjórn og starfsmenn sjóðsins skulu gæta fulls trúnaðar um þær upplýsingar sem fram koma í umsóknum. Þurfi stjórnin að leita sérfræðiaðstoðar skal það gert með skilyrði um fyllsta trúnað af hálfu ráðgjafa.
- 3.2 Stjórn er heimilt að greina opinberlega frá heiti rannsóknar og nafni styrkþega.

4 Almennt

- 4.1 Stjórn skal gera samning við styrkþega um tilhögun greiðslu styrks og skuldbindingar styrkþega, svo sem greinargerð varðandi stöðu verkefna. Í samningi er kveðið á um að styrkur falli niður sé hans ekki vitjað innan sex mánaða frá úthlutun. Neistastyrkir eru greiddir út í eingreiðslu við undirritun samnings en styrkþegi skal skila greinargerð eða staðfestingu á því hvernig fjármuninum var varið. Kjarnastyrkir eru almennt greiddir út í tveimur greiðslum, við undirritun samnings (50%) og við skil á greinargerð (50%).
- 4.2 Stjórn er heimilt í samningi við styrkþega að skilyrða styrkveitingu því að hlutdeild í tekjustreymi sem skapast vegna verkefnisins eða einkaleyfa á uppgötvunum renni til sjóðsins.
- 4.3 Styrkþegi skal geta styrknúmers Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar í birtingum sem af styrknum hljóttast. Leitast skal við að birtingar séu í opnum aðgangi.
- 4.4 Stjórn sjóðsins skal gæta hlutleysis við yfirferð umsókna og gerð samninga við styrkþega. Stjórnarmenn skulu gæta að hæfi sínu við umfjöllun og afgreiðslu umsókna. Stjórnarmönnum er ekki heimilt að senda inn umsóknir í eigin nafni.

5 Setning reglna

- 5.1 Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 3. gr. í Stofnskrá Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar, dags. 6. nóvember 2008.
- 5.2 Úthlutunarreglur hverrar úthlutunar skulu liggja fyrir áður en auglýst er eftir umsóknum og vera aðgengilegar á vefsíðu Landsvirkjunar.

Reykjavík, 19. nóvember 2025

Í stjórn Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar:

Stjórnarformaður:

Jóna Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun

Aðrir stjórnarmenn:

Andri Gunnarsson, verkefnastjóri hjá Landsvirkjun

Bjarki Þór Grönfeldt, sérfræðingur hjá Landsvirkjun

Elín Ásta Ólafsdóttir, lektor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ

Hildur Harðardóttir, verkefnastjóri hjá Landsvirkjun

Vala Hjörleifsdóttir, dósent við Verkfræðideild HR